

Nd.

47. Frumvarp til laga

[44. mál]

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43,5 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 59,6 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Skal Seðlabanki Íslands leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Kvótaaukningin.

Með lagafrumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að taka þátt í áttundu almennu hækkun kvóta í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr samtals 61,0 milljarði sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 90,0 milljarða SDR. Við þetta mundi kvóti Íslands hækka úr 43,5 milljónum SDR (sbr. lög nr. 38 29. maí 1979) í 59,6 milljónir SDR. Af aukningunni er fjórðungur greiddur í sérstökum dráttarréttindum en þrír fjórðu hlutar í íslenskum krónum. Sá hluti kvótaaukningarinnar, sem greiddur er í sérstökum dráttarréttindum, greiðist af Seðlabankanum og myndar sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá sjóðnum og telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans. Er það Íslandi tvímælalaust í hag að taka þátt í þessari almennu reglubundnu hækkun þar eð hún eykur möguleika Íslands á hagstæðum lántökum hjá sjóðnum um margfalda þá fjárhæð, sem lögð er fram í gjaldeyri, og viðheldur atkvæðavægi landsins í stjórn hans eins og nánar verður vikið að hér síðar.

Kvótaaukning þessi var samþykkt af yfirstjórn sjóðsins hinn 31. mars 1983 og rennur frestur sá, sem einstök aðildarríki hafa til þess að staðfesta aukningu á kvóta sínum, út hinn 30. nóvember 1983. Hinir nýju kvótar öðlast væntanlega gildi hinn 1. janúar 1984.

II. Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (The International Monetary Fund) var stofnaður skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og var Ísland meðal stofnaðila. Nú eru 146 ríki aðilar að sjóðnum.

Á fyrstu starfsárum sínum vann Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn aðallega að því að útrýma hindrunum í gjaldeyrisviðskiptum þjóða á milli en fyrstu árin eftir seinni heimsstyrjöldina var mikill hluti af milliríkjaviðskiptum háður gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Smám saman, er hagur helstu viðskiptalandanna tók að batna eftir styrjöldina, voru gjaldeyris-hömlurnar lagðar niður, að nokkru leyti fyrir tilstilli sjóðsins. Á sviði vöruviðskipta vann Alþjóðlega tolla- og viðskiptastofnunin (GATT) að lækkun tolla og niðurfellingu annarra viðskiptahtafta. Atbeini beggja þessara stofnana ásamt Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC) varð til þess að efla mjög alþjóðaviðskipti á árunum eftir stríð enda hefur aukningin í alþjóðaviðskiptum verið mun hraðari en aukning framleiðslu allt fram á síðustu ár. Er ekki að efa að Íslendingar hafa notið góðs af þessari þróun þar eð fáar þjóðir eru eins háðar alþjóðaviðskiptum og eiga meir undir því að þau séu frjáls.

Undanfarin ár hefur aðalstarfsemi sjóðsins falist í því að greiða úr greiðslujafnaðarerfiðleikum aðildarríkja hans. Hefur þessi starfsemi færst mjög í vöxt síðan 1973 er fyrstu olíuverðhækkanirnar skulu yfir en þær gerðu mjög mörgum löndum erfitt fyrir, einkum efnaminni þróunarlöndum sem ekki höfðu olíu í jörð. Gegnir hann nú lykilhlutverki í því að styrkja núverandi fyrirkomulag alþjóðafjármála og frjáls milliríkjaviðskipti. Í því efni ber honum og að hafa eftirlit með gengi á gjaldmiðlum aðildarríkjanna og hlutast til um að gengið verði ekki notað sem vopn í viðskiptastríði landa á milli.

III. Kvótar aðildarríkjanna og stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Starfsfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggist aðallega á fjárframlögum (kvótum) aðildarríkjanna sem ákveðnar eru með hliðsjón af þjóðartekjum viðkomandi ríkis og umfangi utanríkisviðskipta þess, svo og nokkrum fleiri þáttum. Heildarkvótar sjóðsins hafa aukist úr innan við 10 milljörðum SDR á fyrstu árum sjóðsins allt fram til 1959 í rúma 20 milljarða 1970 en árið 1980 voru þeir komnar í um 61 milljarð SDR. Með þessari kvótaaukningu, sem nú liggur fyrir, er ætlunin að auka þá í 90 milljarða SDR.

Atkvæðavægi í stjórn sjóðsins fer fyrst og fremst eftir kvóta hvers ríkis. Bandaríkin hafa stærsta kvótann, 19,52% af heildinni, en þar á eftir koma Bretland (6,82%), sambandslýðveldið Þýskaland (5,04%), Frakkland (4,49%), Japan (3,88%), alþýðulýðveldið Kína (2,82%) og Saúdí Arabía (3,28%). Öll ofangreind ríki hafa einn fulltrúa hvert af samtals 22 í stjórn sjóðsins (Executive Board). Norðurlöndin ráða yfir 3,31% af heildaratkvæðum en þar af er Ísland með 0,11%. Hafa Norðurlöndin sameiginlegan fulltrúa í stjórn sjóðsins og skiptast þau á um að skipa hann eitt kjörtímabil í senn sem er tvö ár.

IV. Samskipti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Svo sem áður greinir var Ísland meðal stofnaðila Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hefur ætíð haft gagnleg samskipti við sjóðinn. En það var ekki fyrr en 1960 að Ísland tók lán, 6,8 milljónir dollara, hjá sjóðnum í tengslum við efnahagsaðgerðir þær sem gripið var til á því ári. Síðan hefur Ísland þrisvar tekið lán vegna greiðslujafnaðarerfiðleika, 1967—68 (15,0 milljónir dollara), 1974—76 (62,2 milljónir SDR) og síðan 1982. Þá var tekið svonefnt jöfnunarlán að fjárhæð 21,5 milljónir SDR og jafnframt voru teknar 9,0 milljónir SDR af gjaldeyrisinnstæðu Seðlabankans hjá stofnuninni. Skal endurgreiða hvort tveggja á næstu þremur til fimm árum. Öll lán, sem tekin voru til og með 1976, hafa verið að fullu greidd.